

LEIÐBEINGAR TIL UMSÆKJENDA UM HEIMAVIGTUNARLEYFI

sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar

Yfirlit gagna sem skila þarf með umsókn um heimavigtunarleyfi

Inngangur	2
Greinargerð um starfsemi fyrirtækis.....	3
Nákvæm lýsing á því hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla.....	3
Upplýsingar um vogir	4
Umsögn hafnaryfirvalda í viðkomandi löndunarhöfn	4
Afrit af skírteinum löggildra vigtunarmanna sem annast munu vigtun	4
Nákvæm lýsing á innra eftirliti umsækjanda	5
Varðveisla gagna / rekjanleiki upplýsinga	5
Áður en löndun hefst.....	5
Menntun/þjálfun	6
Viðhald búnaðar	6
Framkvæmd innra eftirlits.....	6

Inngangur

Með útgáfu leyfis á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 til að vigta sjávarafla, sem ekki hefur áður verið vigtaður á hafnarvog, er viðkomandi vigtunarleyfishafa treyst fyrir vigtun sem opinber aflaskráning byggist á sem hornsteinn íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Traust innra eftirlit er ein grunnforsenda þess að Fiskistofu sé heimilt að veita slík leyfi og er til merkis um ábyrga starfsemi útgerðar og vinnslu. Regluleg og vönduð framkvæmd innra eftirlits er til þess fallin að draga verulega úr hættu á því að frávik frá réttu verklagi, bilanir í búnaði, innsiglirof eða önnur atvik leiði til þess að grípa þurfi til viðurlagaúrræða á grundvelli laga.

Fiskistofa birtir hér leiðbeiningar til handa umsækjendum um heimavigtunarleyfi þar sem farið er yfir þau gögn sem skila þarf inn til Fiskistofu þegar sótt er um heimavigtunarleyfi á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar með síðari breytingum, reglugerðar nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla og reglugerðar nr. 659/2014 um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski. Þá hafa leiðbeiningarnar að geyma þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til innra eftirlits heimavigtunarleyfishafa svo það verði talið traust í skilningi laga. Það er lagt í hendur umsækjanda að gæta þess að fram lagðar upplýsingar og fylgiskjöl gefi glögga mynd af þeim atriðum sem að neðan greinir.

Greinargerð um starfsemi fyrirtækis

Við umsókn um heimavigtunarleyfi þarf umsækjandi að skila til Fiskistofu ítarlegri lýsingu á þeirri starfsemi sem fer fram á þeim stað þar sem afli er vigtaður. Þar sem starfsemi heimavigtunarleyfishafa er fjölbreytt og mismunandi, t.d. í fiskimjölsverksmiðju, í uppsjávarvinnslu, við vigtun bolfisks o.s.frv., þarf greinargóð lýsing að koma frá umsækjanda heimavigtunarleyfis þar sem starfsemi og vigtunaraðferðum fyrirtækis er lýst. Þar á meðal þarf að koma fram:

- rekstrarform fyrirtækis og nöfn aðaleigenda;
- lýsing á vinnsluaðferð umsækjanda þar sem fram kemur hvort um sé að ræða mjölvinnslu, frystingu o.s.frv., og hvort umsækjandi hyggist vigta bolfisk, skeldýr eða uppsjávarfisk;
- yfirlit yfir þau veiðiskip sem landa hjá umsækjanda sem og helstu tegundir sem vigtaðar eru;
- nöfn stjórnenda vinnslu og vigtunar;
- nafn ábyrgðarmanns innra eftirlits.

Nákvæm lýsing á því hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla

Í þessari greinargerð skulu koma fram ítarlegar upplýsingar og lýsingar á framkvæmd vigtunar, skráningu afla, varðveislu gagna svo að öruggt sé að rekjanleiki upplýsinga verði tryggður.

1. Greinargerð um framkvæmd vigtunar, skráningu gagna og varðveislu þeirra. Í þessum hluta skal tekið fram með hvaða hætti umsækjandi muni standa að vigtun sem felur í sér ítarlega lýsingu á ferli vigtunar og varðveislu allra gagna sem varða vigtun og skráningu. Meðal annars skal koma þar fram:
 - a. Staðsetning löndunarstaðar eða löndunarbúnaðar tengdum vinnslu.
 - b. Lýsing á flæði afla til vigtunar og staðsetningu vigtunarbúnaðar.
 - c. Við vigtun uppsjávarafla skal taka fram tegund löndunarbúnaðar og löndunarafköst pr./klst. og vinnslugetu mjölverksmiðju og frystigetú uppsjávarvinnslu.
 - d. Hvernig umsækjandi hyggst standa að meðaflaprufum við löndun uppsjávarfisks.
 - e. Við vigtun á uppsjávarfiski skulu koma fram upplýsingar um þurrktromlur/löndunarsíur, þ.e. lengd, þvermál, stærð gata (ljósopa) og snúningshraða.
 - f. Óskað er eftir að umsækjandi skili inn teikningu af vigtarferlinu með upplýsingum um allar vigtarstöðvar þar sem tilgreint er hvaða vogir séu notaðar til aflaskráningar og hverjar ekki. Sé mismunandi vigtarbúnaður eða vigtunaraðferðir viðhafðar eftir því hvaða fisktegund er unnin hverju sinni, þarf að gera grein fyrir vigtunarferli hvernar tegundar fyrir sig.
 - g. Vegna vigtunar og skráningu á pökkuðum afurðum uppsjávarfisks skv. 38. gr. reglugerðar nr. 745/2016 skal skila inn nákvæmri greinargerð um fjölda prufa sem teknar verða í úrtak af hverri framleiðslulínu, hvernig talning afurða fer fram, og rekjanleiki allra upplýsinga og varðveisla viðeigandi gagna verði tryggð.
 - h. Hvernig skil á upplýsingum til viðkomandi löndunarhafnar verða tryggð og með hvaða hætti þeim verður skilað.
 - i. Hvernig aðgengi eftirlitsmanna Fiskistofu að vigtunarstað og viðeigandi gögnum sé tryggt.
2. Upplýsingar um þá löggildu vigtunarmenn sem starfa hjá umsækjanda og koma til með að sinna vigtun.

Samhliða umsókn skal umsækjandi senda inn sýnishorn af þeim vigtarnótum sem viðkomandi hyggst nota við vigtun og skráningu sjávarafla.

Upplýsingar um vogir

Í 3. mgr. 20. gr. reglugerðar 745/2016 segir að með umsókn skuli fylgja nákvæm greinargerð um hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla, hvers konar vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar. Fiskistofa fer því fram á að fá í hendur nákvæmar upplýsingar um vogir umsækjanda. Þar skulu koma fram ákveðnar lágmarksupplýsingar, m.a.:

- tegund/gerð voga og hlutverk í vigtar- og skráningarferli;
- upplýsingar um framleiðanda og framleiðslunúmer (skráningarnúmer/raðnúmer) voga;
- lágmarks- og hámarksgildi voga (kg/g);
- stærð vigtarpalls á flæðivog eða stykkjavog (lengd/breidd);
- þunga sem sjálfvirk trogvog er stillt á við vigtun pr. skammt (sleppipungi);
- tegund hugbúnaðar sem geymir upplýsingar um vigtun;
- lýsing á virkni þrifakerfis voga og hvort notkun þess stöðvi flæði afla að vog;
- afrit viðurkenndrar prófunarstofu um löggildingu allra voga sem notaðar eru til aflaskráningar;
- annað sem kann að tengjast upplýsingum um vogir umsækjanda;

Umsögn hafnaryfirvalda í viðkomandi löndunarhöfn

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar 745/2016 skal heimavigtunarleyfi aðeins veitt að fenginni jákvæðri umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað.

Í umsögn hafnaryfirvalda þarf að koma fram hver sé afstaða hafnaryfirvalda til umsóknarinnar sem hlutaðeigandi leggur fram. Þegar um er að ræða umsókn um heimavigtunarleyfi þarf auk þess að koma fram í umsókninni að höfnin ráði ekki yfir búnaði til vigtunar af því tagi sem umsækjandi áformar að nota við vigtun eða hverjir þeir verulegu annmarkar séu á því að vigta afla á hafnarvog. Gert er ráð fyrir því að rökstuðningur fylgi umsögnum hafnaryfirvalda.

Í umsögn hafnaryfirvalda þurfa eftirtalin atriði að koma fram:

- a) Þau vandkvæði sem koma í veg fyrir að afli verði veginn á hafnarvog.
- b) Hvernig eftirliti hafnar með vigtun umsækjanda verði háttað, s.s. með samanburði og skoðun á tilkynningum um áætlaðan afla frá veiðiskipi um fyrirhugaða löndun og vigtarnótum frá viðtakanda afla.

Yfirlýsingu hafnar skal umsækjandi skila samhliða sinni umsókn og skal hún vera undirrituð af hafnaryfirvöldum í viðkomandi löndunarhöfn.

Afrit af skírteinum löggildra vigtunarmanna sem annast munu vigtun

Vigtun og skráning sjávarafla skal ávallt vera framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur til þess löggildingu sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglna nr. 650/2007, um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna.

Þar af leiðandi fer Fiskistofa fram á við umsækjendur um heimavigtunarleyfi að samhliða umsókn séu send inn afrit skírteina þeirra löggiltu vigtunarmanna sem annast munu vigtun hjá umsækjanda, en skírteini þessi eru gefin út af Neytendastofu. Skírteinin skulu ætíð vera aðgengileg á vigtunarstað.

Nákvæm lýsing á innra eftirliti umsækjanda

Ein af meginforsendum þess að Fiskistofu sé heimilt að gefa út vigtunarleyfi skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 er að inna eftirlit umsækjanda sé traust. Því er gerð sú krafa að til staðar sé traust innra eftirlit með allri framkvæmd þeirrar fyrirhuguðu vigtun sjávarafla sem sótt er um.

Innra eftirlit felur í sér varanlegt, síendurtekið, kerfisbundið, skráð og rekjanlegt eftirlit vigtunarleyfishafa með því að þeir starfsmenn hans sem framkvæma vigtun og skráningu sjávarafla gæti þess ávallt að við framkvæmd starfa þeirra sé farið í hvívetna að ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni. Innra eftirlit er því aðeins mögulegt að þeir starfsmenn sem framkvæma vigtun og skráningu sjávarafla, skrái upplýsingar um störf sín og þær ráðstafanir sem þeir gera til að tryggja að þau séu í samræmi við lagareglur. Innra eftirlit getur ekki verið í höndum sömu löggiltu vigtarmanna og hafa það hlutverk að framkvæma vigtun og skráningu sjávarafla. Engu að síður getur sá sem fer með innra eftirlit verið starfsmaður fyrirtækisins (t.d. gæðastjóri). Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi víðtæka þekkingu á framkvæmd vigtunar hjá vigtunarleyfishafa og æskilegt að viðkomandi hafi hlotið löggildingunni sem vigtarmaður.

Varðveisla gagna / rekjanleiki upplýsinga

Í greinargerð um innra eftirlit umsækjanda skal því lýst hvernig gögn um vigtun verða varðveitt og hvernig rekjanleiki upplýsinga um viðskipti með sjávarafla verði tryggð. Þetta þýðir að lýsa þarf hvar vigtarnótur verða varðveittar, hvaða handskrifuðu undirgögn verða varðveitt og hvar rafrænum gögnum er safnað saman, skráð og þau varðveitt.

Til þess að rekjanleiki upplýsinga sé fyllilega tryggður getur verið betra að varðveita fleiri gögn en færri. Krafa Fiskistofu er sú að allar upplýsingar frá löggildum vogum sem notaðar eru til aflaskráningar séu varðveittar og ávallt aðgengilegar. Engu að síður eykur það öryggi að ítarlegri upplýsingar séu varðveittar er varða vigtun og vinnslu. Dæmi um slíkar upplýsingar eru skýrslur úr pökkunarvogum, skráningu afurða í frystigeymslu o.s.frv.

Ábyrgðarmaður innra eftirlits skal reglulega, miðað við eðli og umfang starfsemi vigtunarleyfishafa á hverjum tíma, yfirfara verkferla og tryggja að öll gögn séu varðveitt, undirrituð af löggiltum vigtarmanni og hafi verið send viðkomandi löndunarhöfn innan skilafrests. Þá skal tryggt að öll gögn sem við koma vigtun séu aðgengileg eftirlitsmönnum Fiskistofu.

Áður en löndun hefst

Áður en löndun hefst þarf að ganga úr skugga um að hægt sé að standa vel að löndun, vigtun og skráningu sjávarafla eins og reglur kveða á um. Í því felst að tryggja:

- að tilkynning um áætlaðan afla hafi borist löndunarhöfn og viðtakanda afla (sé um erlent skip að ræða skal ganga úr skugga um að það hafi leyfi til löndunar afla á Íslandi);
- að búnaður til löndunar sé í lagi;
- að sannreyna að vogir séu löggiltar og vigti rétt;
- að löggiltir vigtarmenn séu á öllum vigtarstöðvum;
- að tryggja að aðgangur eftirlitsmanna Fiskistofu sé tryggður.

Ábyrgðarmaður innra eftirlits hjá vigtunarleyfishafa skal reglulega miðað við við eðli og umfang starfsemi vigtunarleyfishafa á hverjum tíma athuga þau eyðublöð og skjöl sem skráð eru fyrir landanir og tryggja að þau hafi verið færð á réttan hátt. Skal hann skrá skýrslu um eftirlitið og varðveita hana.

Menntun/þjálfun

Löggiltur vigtarmaður skal vera viðstaddur vigtun á öllum vigtarstöðvum hjá heimavigtunarleyfishafa. Ábyrgðarmaður hjá leyfishafa skal tryggja að hlutaðeigandi starfsmenn fái fræðslu um þau störf sem þeir sinna sem og helstu reglur og lög, sem um þau gilda, svo sem ákvæði laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla.

Mikilvægt er að réttindi starfsmanna séu yfirfarin reglulega.

Viðhald búnaðar

Heimavigtunarleyfishafa ber að tryggja að búnaður sá sem notaður er við löndun og vigtun sjávarafla sé ávallt í lagi og löggildur. Til þess að sýna framá að eftirlit sé haft með viðhaldi þessa búnaðar þarf umsækjandi að halda skrá yfir viðhald búnaðar. Í þessu felst að kerfisbundið séu ákveðnir þættir sem varða viðhald búnaðar yfirfarnir og skráðir sem hluti af innra eftirliti umsækjanda. Dæmi um atriði sem halda skal skrá yfir:

- öll frávik vigtarbúnaðar og viðbrögð við frávikum;
- hvernig viðhaldi var sinnt, hvað var framkvæmt og af hverjum?
- stöðða rafræns innsiglið vogar fyrir og eftir viðhald (ef við á);
- afrit af viðgerðarlýsingum viðgerðaraðila á vigtarbúnaði (viðhaldssögu).

Þá skal halda áætlun um reglulegt eftirlit með virkni vigtarbúnaðar hjá leyfishafa. Ábyrgðaraðili innra eftirlits skal reglulega gæta þess öll frávik og viðhald löndunarbúnaðar og voga sé skráð með réttum og traustum hætti.

Framkvæmd innra eftirlits

Framkvæmd innra eftirlits hjá heimavigtunarleyfishafa skal vera í höndum ábyrgðarmanns innra eftirlits sem þó hefur ekki beina aðkomu að vigtun sjávarafla. Í þeirri úttekt er farið yfir:

- varðveislu gagna er varða vigtun og skráningu sjávarafla og rekjanleika þeirra upplýsinga;
- úttekt verkferla og skráningu upplýsinga áður en löndun hefst;
- úttekt á menntun og þjálfun vigtarmanna og annarra starfsmanna sem starfa við löndun og vigtun sjávarafla;
- skráningar og eftirlit með viðhaldi búnaðar;
- stöðu innsigla og skráningu reglulegs eftirlits með þeim;
- önnur atriði sem varða löndun og vigtun sjávarafla og er nauðsynlegt til að tryggja öryggi aflaskráningar og rekjanleika upplýsinga.

Úttektin skal fara fram reglulega eftir eðli og umfangi starfsemi vigtunarleyfishafa. Sá sem framkvæmir eftirlitið skal rita um það skýrslu og staðfesta hana með undirskrift sinni. Skýrsluna skal varðveita og sýna eftirlitsmönnum Fiskistofu ef þeir óska þess.
